

Kennsluáætlun skólaárið 2019-2020

## Samfélagsfræði í 10. bekk

Í samfélagsfræði eru 3 kennslustundir á viku í 10. bekk. Kennari er Tinna Hrönn Smáradóttir.

### Vinnulag

Í samfélagsfræði er áhersla lögð á þátttöku nemenda í umræðum í tímum. Lesnir verða textar, í kennslustundum og heima og unnin verkefni upp úr þeim. Nemendur vinna sjálfstætt og í hópum að ákveðnum verkefnum. Lögð er áhersla á að nemendur þjálfist í gagnrýnni hugsun, umræðum og hlustun.

Meginviðfangsefni haustannarinnar eru þemaheftin: Rokk og róttækni, Tækni og framfarir.

### Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Saga '68 kynslóðarinnar; unglíngamening, þróun rokksins, stúdentamótmæli og réttindabarátta.	Rokk og róttækni	<b>Nemandi...</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Þekkir sögu rokksins og þekkir helstu frumkvöðla þess, erlenda og íslenska.</li> <li>Getur sagt frá „bresku bylgjunni“ og helstu hljómsveitum sem henni fylgdu</li> <li>Þekkir mismunandi tónlistarstefnur '68 kynslóðarinnar s.s. rokk, þjóðlagatónlist, sýrutónlist og æskulýðstónlist.</li> </ul>	Tímaverkefni Þáttaka í umræðum Verkefni og kynning/framsaga Próf

		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þekkir baráttumál '68 kynslóðarinnar s.s. jafnréttisbaráttu og réttindabaráttu samkynhneigðra.</li> <li>• Þekkir hippatímabilið og fyrir hvað hippar stóðu.</li> </ul>	
<b>Þekkir tækniþróun á Vesturlöndum á 20. öldinni sem tengist m.a. styrjöldum, geimferðum, læknisfræði ofl.</b>	Tækni og framfarir	<b>Nemandi...</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Þekkir þróun samgöngutækja á 20. öldinni og helstu tækninýjungar sem komu fram.</li> <li>• Þekkir tækninýjungar sem tengjast stríðsrekstri</li> <li>• Þekkir þróun gerviefna</li> <li>• Þekkir tækninýjungar í lækningum</li> <li>• og rafmagni</li> </ul>	Tímaverkefni Þátttaka í umræðum Verkefni og kynning/framsaga Próf

Nemendur og foreldrar eru hvattir til að fylgjast með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

## Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi,

Tinna Hrönn Smáradóttir